

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/49/EB

2002/EES/47/07

frá 28. júní 2001

um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu  
plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virka efninu DPX KE 459 (flúþýrsúlfúron-metýl)(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/236/EB <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE (hér á eftir nefnd „tilskipunin“) barst Frakklandi hinn 26. október 1995 umsókn frá Du Pont de Nemours SAS („umsækjandanum“) um skráningu virka efnisins DPX KE 459 (flúþýrsúlfúron-metýls) í I. viðauka við tilskipunina.
- 2) Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar staðfesti framkvæmdastjórnin í ákvörðun 97/164/EB <sup>(3)</sup> að hægt væri að líta svo á að skjölin með flúþýrsúlfúron-metýli fullnægðu í aðalatriðum kröfum um gögn og upplýsingar sem fram koma í II. viðauka og, fyrir plöntuvarnarefni með þessu virka efni, í III. viðauka við tilskipunina.
- 3) Frakkland, sem kemur fram sem tilnefnt skýrslugjafarríki, hefur metið áhrif flúþýrsúlfúron-metýls á heilsu manna og dýra og umhverfið, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, að því er varðar þær notkunaraðferðir sem umsækjandi hefur lagt til. Frakkland lagði drög sín að matsskýrslu um efnið fyrir framkvæmdastjórnina 2. desember 1997.
- 4) Skjölin og upplýsingarnar úr endurskoðuninni vegna flúþýrsúlfúron-metýls voru einnig lögð fyrir vísindanefndina um plöntur 15. júlí 1999 og óskað eftir álit hennar á þeim. Sú nefnd skilaði álit 20. nóvember 2000 <sup>(4)</sup>.
- 5) Í ljósi þessara rannsókna virðist sem gera megi ráð fyrir því að plöntuvarnarefni, sem innihalda flúþýrsúlfúron-metýl, uppfylli almennt kröfumnar sem mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, einkum að því er varðar notkunaraðferðirnar sem voru skoðaðar og tíundaðar í endurskoðaðri matsskýrslu framkvæmdastjórnainnar. Því þykir rétt að bæta efninu á skrá í I. viðauka við tilskipunina til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjunum fyrir

plöntuvarnarefnum, sem innihalda það, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

- 6) Eftir skráningu er nauðsynlegt að veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda ákvæðum tilskipunarinnar í framkvæmd og ekki síst að veita þeim tóms til þess að endurskoða áður útgefin bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda flúþýrsúlfúron-metýl en í stað þeirra skulu koma leyfi sem veitt eru skv. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Lengri frest kann að þurfa fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda flúþýrsúlfúron-metýl og önnur virk efni sem falla undir I. viðauka.
- 7) Endurskoðaða matsskýrslan er nauðsynleg til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipunina ef meginreglurnar vísa til mats á gögnum sem voru lögð fram í því skyni að bæta virka efninu á skrá í I. viðauka við tilskipunina. Rétt þykir að aðildarríkin sjái til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að lokagerð endurskoðuðu matsskýrslunnar (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunarinnar) eða sé veittur aðgangur að henni.
- 8) Ef uppfæra þarf endurskoðuðu matsskýrsluna með tilliti til þróunar á sviði tækni og vísinda getur einnig orðið nauðsynlegt að breyta skilyrðunum fyrir skráningu flúþýrsúlfúron-metýls í I. viðauka við tilskipunina í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í tilskipuninni.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði sem var skilað 27. apríl 2001.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Töflunni í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt með því að bæta við færslunni fyrir flúþýrsúlfúron-metýl eins og kemur fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 31. desember 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 176, 29.6.2001, bls. 61, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 2.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 164, 20.6.2001, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 64, 5.3.1997, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Álit vísindanefndarinnar um plöntur viðvikjandi mati á flúþýrsúlfúron-metýli með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna. SCP/FLUPYR/002, lokaúgáfa, dagsett 11. desember 2000.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Að því er varðar endurskoðun áður útgefna bráðabirgðaleyfa, sem veitt voru á grundvelli endurskoðuðu matskýrslunnar, og vegna beitingar samræmdu meginreglnanna, sem kveðið er á um í IV. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, skal afturkalla bráðabirgðaleyfin, og, eftir því sem við á, veita full leyfi í stað þeirra fyrir 30. nóvember 2002. Fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda DPX KE 459 (flúþýrsúlfúron-metýl) ásamt öðru virku efni sem hefur enn ekki verið skráð í I. viðauka, er fresturinn, sem um getur hér að framan, þó framlengdur ef kveðið er á um lengri tíma til framkvæmda í ákvæðunum sem eru sett í tilskipuninni og varða breytingu á I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilliti til skráningar hins efnisins í viðaukann.

4. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að endurskoðuðu matskýrslunni um DPX KE 459 (flúþýrsúlfúron-metýl) (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunarinnar) eða sé veittur aðgangur að henni sé þess sérstaklega óskað.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júní 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

## FÆRSLA SEM FELLA SKAL INN Í TÖFLUNA Í 1. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 91/414/EBE

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
	„DPX KE 459 (flúþýrsúlífúron-metýl) CAS-nr. 144740-54-5 CIPAC-nr. 577	2-(4,6-dimetoxyþýrimíðín-2-ýlkarbamóýlsúlfamóýl)-6-tríflúormetýlmikóínatmónónatríumsalt	903 g/kg	1. júlí 2001	30. júní 2011	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum. Fastanefndin um plöntuheiðbrigði samþykkti endurskoðuðu matsskýrsluna 27. apríl 2001.

(1) Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virka efnisins er að finna í endurskoðuðu matsskýrslunni fyrir DPX KE 459 (flúþýrsúlífúron-metýl) (50/50/VI/97).“